

## Lestur og lesskilningur

Þegar unnið er með lesskilning er markmið allra sem koma að námi barna að kenna börnum að skilja innihald þess texta sem unnið er með hverju sinni. Þetta markmið á við sama hvort um bekkjarkennara, sérkennara, foreldra eða annarra sem koma að lestrarnámi sé að ræða. Hafa þarf í huga að bakgrunnur nemenda er ólíkur og því misvel undirbúnir til að skilja mikinn fjölbreytileika ritmálsins og vinna með alla þá ólíku texta sem notaðir eru í kennslu.

Til að hægt sé að tala um góðan lesskilning þarf lesarinn að vera fær um að umkóða texta hratt og örugglega ásamt því að hafa náð færni á ýmsum sviðum varðandi skilning hans. Það er því mikilvægur og órjúfanlegur þáttur til að nemandi geti tileinkað sér lesskilning að leshraði og umkóðunarferni hans sé orðinn nægilega hraður og sjálfvirkur til að ná viðmiðum jafnaldra.

Ýmsar lesskilningsaðferðir hafa verið settar fram til að hjálpa nemendum við að tileinka sér lesskilning við lestur.

Með tilkomu Orðarúnar var stigið stórt skref í að færa kennurum verkfæri til að hægt sé að mæla og fylgjast með lesskilningi nemenda. En þar sem Orðarún er aðeins fyrir 3. – 8. bekk hafa aðrir árgangar staðið fyrir utan. Með tilkomu nýrra lesskilningsprófa sem hafa verið boðuð frá Menntamálastofnun verður kærkomin breyting á og hægt að kanna lesskilning í öllum árgöngum. Lögð verður áhersla á að kenna fjölbreytta lesskilningsferni með ólíkum textagerðum. Með því að nota margar mismunandi lesskilningsaðferðir til að leysa lesskilningsverkefni fær kennari mun ítarlegri mynd af stöðu nemandans og getur þá brugðist við einstaka þáttum ef þörf er á.